

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „128.357 kr.“ kemur: 132.850 kr.
- b. Í stað „177.893 kr.“ kemur: 184.119 kr.

2. gr.

Í stað „77.624 kr.“ í 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar kemur: 80.341 kr.

3. gr.

Í stað „177.893 kr.“ í 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar kemur: 184.119 kr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 13. gr., 5. mgr. 18. gr., 5. mgr. 19. gr. og 35. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2020 og á við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2020 eða síðar. Frá sama tíma fellur brott reglugerð nr. 850/2016, um breytingu á reglugerð nr. 1218/2008, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. desember 2019.

Ásmundur Einar Daðason.

Bjarnheiður Gautadóttir.